

**44. fundur Almanna- og borgarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal borgarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 5. maí 2026 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Bragi Þór Thoroddsen var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Anna Lind Ragnarsdóttir, Hlynur Hafberg Snorrason aðalmaður, Halldór Óli Hjálmarsson aðalmaður, Sigurður Arnar Jónsson aðalmaður, Þorsteinn Fjalar Þráinsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Finney Rakel Árnadóttir, Súsanna Björg Ástvaldsdóttir aðalmaður, Helgi Jensson aðalmaður og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Sólmyrkvi 2026 - 2025100057**

Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á Vestfjörðum kynnrir verkefni lögreglu þann 12. ágúst 2026, þegar sólmyrkvi verður.

Sigurður A. Jónsson, slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar fer yfir verkefni slökkviliðs og sjúkraflutninga, en von er á fjölda fólks, húsbíla og rúta inn á Vestfirði vegna þessa atburðar.

*Sigurður A. Jónsson, Hlynur H. Snorrason og Helgi Jensson, lögreglustjóri, fara yfir nýjustu upplýsingar varðandi skipulagningu Sólmyrkvahátíðar 12. ágúst 2026, hjá viðbragðsaðilum. Rætt um vegalokanir, takmarkanir á bílaumferð, áætlaðan fjölda ferðamanna, verkefni Markaðsstofa landshlutasamtakanna, skilaboð til íbúa um að vera heima og horfa þaðan, skipulag viðbragðsaðila og upplýsingagjöf til íbúa og ferðamanna.*

Helgi Jensson þurfti frá að hverfa kl. 13.27.

**2. Flugslysæfing Ísafjörður vor 2026 - 2026040236**

Kynnt framkvæmd aðgerðastjórnar vegna flugslysæfingar sem haldin verður 30. maí 2026 á Ísafirði. Undirbúningur og upprifjun fyrir viðbragðsaðila verður dagana fyrir æfingu.

*Sigurður Arnar Jónsson fer yfir skipulag æfingarinnar og undirbúning dagana fyrir.*

**3. Hús á snjóflóðahættusvæði - 2026050031**

Mál sett á dagskrá að beiðni formanns nefndarinnar.

*Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og yfirlögregluþjónn kynna upplýsingar sem fram komu á fundi með Snjóflóðaseti Veðurstofu Íslands, varðandi fasteignir á snjóflóðahættusvæði, sem nýtt eru allan ársins hring, t.d. sumarhús og sjóstangaveiðihús í mörgum byggðarlögum sveitarfélaganna, bæði eignir þar sem kvaðir eru um dvöl og ekki kvaðir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:50**

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Hlynur Hafberg Snorrason

---

Halldór Óli Hjálmarsson

---

Sigurður Arnar Jónsson

---

Finney Rakel Árnadóttir

---

Súsanna Björg Ástvaldsdóttir

---

Helgi Jensson

---

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir